**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

Árið 2024, þriðjudaginn 6. febrúar kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1145. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Arngrímsgata 5 - USK23120210 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BNxxxxx vegna lokaúttektar þannig að Texta í byggingarlýsingu og brunamerkingum er breytt í Eddu húsi, íslenskra fræða
   á lóð nr. 5 við Arngrímsgötu.
   Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Eflu dags. 18. janúar 2023.
   Gjald kr. 15.400.
   Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Ánanaust 8 - USK24010259 Sótt er um leyfi til að færa núverandi starfsmannahús innan lóðar nr. 8 við Ánanaust. Erindi fylgir mæliblað.
   Gjald kr.15.400.
   Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Ásvallagata 54 - USK23110230 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að stækka hús sem nemur svölum sem voru á húsinu fyrir auk ýmissa annarra innanhúss breytinga í húsi nr. 54 við Ásvallagötu. Stækkun xx ferm og xx rúmm.

   Gjald kr.14.500.
   Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Bergstaðastræti 10A - USK23080069 Sótt er um leyfi til þess að breyta skrifstofu í 3-herbergja íbúð á 3. hæð í húsi á lóð nr. 10A við Bergstaðastræti.
   Erindi fylgir samþykki meðeigenda á aðalteikningu dags. 11. ágúst 2023 og afrit af aðalteikningu samþykktri 9. janúar 2018.
   Gjald kr. 14.000.
   Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Bergstaðastræti 2 - USK24010189 Sótt er um leyfi til þess að opna veitingastað í flokki II, tegund f, krá, fyrir hámarks gestafjölda 55 manns og tvo starfsmenn, lækka kjallaragólf um 50cm og setja stiga upp á 2. hæð við norðurgafl húss á lóð nr. 2 við Bergstaðastræti.
   Um er að ræða endurnýjun á samþykkt BN056903, dags. 7. janúar 2020.
   Lagður er fram úrskurður ÚÚA vegna kæru nr. 52 og 87/2021.
   Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar í tölvupósti dags. 17. október 2019.
   Stækkun: 36.1 rúmm.
   Gjald kr. 15.400.
   Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Dalaland 16 - USK23120035 Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í kjallara ásamt því að breyta mörkum eigna í kjallara fjölbýlishúss nr. 4 á lóð nr. 1-16 við Dalaland. Erindi fylgir breytingarskjal. Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Faxafen 14 - USK23100278 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og koma fyrir vörulager með matvöru fyrir netverslunarfyrirtæki með allt að 10 starfsmönnum í rýmum 0103 og 0104 í verslunar-og iðnaðarhúsi á lóð nr. 14 við Faxafen.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 2. mars 2021.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Fjölnisvegur 12 - USK24010142 Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að sameina vinnustofu, rými 0101 í mhl.02 og hluta af íbúð, rými 0001 í kjallara íbúðarhúss, mhl.01, og bæta við bílastæði í suðvestur horni á lóð nr. 12 við Fjölnisveg.
Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 15. janúar 2024.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa vegna fjölgunar eigna og viðbótar bílastæðis

9. Flúðasel 61-77 - BN061561 Sótt er um leyfi til þess að grafa frá og gera glugga framanverðu, steypa stoðvegg auk plötu neðan við nýja glugga í húsi nr. 61 á lóð nr. 61-77 við Flúðasel. Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 1. júlí 2022 og samþykkt í formi afrits fundargerðar húsfélags dags. 24. janúar 2022. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Fossaleynir 1 - USK24010162 Sótt er um leyfi til þess að innrétta sal fyrir rafíþróttir og veitingastað í flokki II tegund c fyrir allt að 130 gesti í rými í suðurhúsi Egilshallar á lóð nr. 1 við Fossaleyni.
Erindi fylgir erindislýsing hönnuðar dags. 17. janúar 2024 og skýrsla verkfræðistofunnar Örugg ehf um brunahönnun dags. 18. janúar 2024.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Fríkirkjuvegur 7 - USK23110335 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061512 með því að breyta innra skipulagi, stækka fatahengi, færa safnbúð í anddyri, færa veitingastað í fl. II, teg. kaffihús af 2. hæð á 1. hæð, gera hurð út á lóð og gera pall fyrir útiveitingar við Listasafn Íslands á lóð nr. 7 við Fríkirkjuveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Fríkirkjuvegur 9 - USK24010338 Sótt er um leyfi til að byggja timburpall útfrá kaffistofu Listasafns Íslands á lóð nr. 9 við Fríkirkjuveg.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 29. nóvember 2023 og skýringarteikningar.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Geirsgata 7B - USK23110291 Óskað er eftir leyfi til að breyta veitingastað í flokki II og loka á milli hæða í hús nr. 7B við Geirsgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.500.. USK23110291
Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Grensásvegur 7 - USK23110320 Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulag veitingarstaðs í Flokki I tegund (c) á lóð nr 7 við Grensásvegi
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 11. júní 2008
Gjald kr. 14.500.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. Grettisgata 34 - USK23070236 Sótt erum leyfi til að fá ósamþykkta íbúð, samþykkta í húsi á lóð nr. 34 við Grettisgötu. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Gufunesvegur 10 - USK23040138 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060304 þannig að innra skipulagi og flóttastigum utanhúss er breytt, jafnframt er sótt um leyfi fyrir einnar hæðar viðbyggingu við austurgafl þjónustuhúss starfsmanna, mhl.02 á lóð nr. 10 við Gufunesveg.
Stækkun 132.3 ferm., 449.6 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 11. janúar 2022.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda

17. Gvendargeisli 38 - USK24010239 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðar breytingar á innveggir á lóð nr. 38 við Gvendargeisli.
Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Haukahlíð 1 - USK23100093 Sótt er um leyfi til að breyta útfærslu á hliði í undirgöngum á áður samþykktu erindi í húsi nr. 1 við Haukahlíð. Erindinu fylgir umsókn Skipulagsfulltrúa dags. 21.des.2023 þar sem ekki er fallist á járnrimlahlið. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2024 fylgir erindi.
Gjald kr.14.500.
Synjað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2024

19. Hjallavegur 34-36 - USK24010281 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu, einangraða og klædda flísum á einni hæð við norðurhlið íbúðar 0101 á lóð nr. 34-36 við Hjallaveg.
Stækkun: 101,2 ferm., 381,5 rúmm.
Eftir stækkun, A+B rými: 417,1 ferm., 1.352,5 rúmm.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Hlíðarfótur 17 - USK23110018 Sótt er um leyfi til þess að innrétta skrifstofur ásamt fundarherbergjum kaffistofu starfsfólks og snyrtingum fyrir 12 manns í rými 0101 í íbúða-og atvinnuhúsi, við Hlíðarfót 17, mhl.04, á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 19. maí 2020.
Gjald kr. 14.500.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Hringbraut Landsp. - USK23080090 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053126 þannig að innra skipulagi 1. og 2. hæðar er breytt í Eirbergi, Eiríksgötu 34 á lóðinni Hringbraut Landsp. Gjald kr. 14.500.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

22. Hverfisgata 46 - USK24010049 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23050207 þannig að skyggni yfir aðalinngangi, gluggum og hurðum er sumstaðar breytt, byggt er yfir loftræstisamstæðu á þaki, hringstiga hliðrað til, komið er fyrir sauna og heitum potti á þaksvölum 3. hæðar og innra skipulagi breytt lítillega í gistiheimili í flokki IV tegund farfuglaheimili á lóð nr. 46 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir greinargerð Örugg verkfræðistofu, 3028-006-GRG-001-V05,um brunavarnir dags. 24. október 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 1. ágúst 2023.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

23. Hólaland - USK23100249 Sótt er um leyfi til þess byggja, úr þremur samsettum gámaeiningum, sem byggt er yfir og klætt utan með timur- eða liggjandi álklæðningu, hús, mhl.02, með geymslu, vinnustofu og líkamsrækt fyrir íbúa búsetukjarna á lóðinni Hólaland, Kjalarnesi.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 30. nóvember 2023 og ljósmyndir af lóð.
Stærð mhl.02:
178.2 ferm., 478.7 rúmm.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

24. Kleppsvegur 140 - USK24010050 Sótt er um leyfi til að klæða vesturhlið með sléttri álklæðningu og til að hækka svalahandrið með stálgrindum ofaná steypt svalahandrið í fjölbýlishúsi á lóð nr. 36-40 á lóð nr. 128-144 viðð Kleppsveg.
Erindi fylgir fundargerð húsfundar dags. 26. janúar 2023.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Laugarnesvegur 75 - USK24010238 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN060931 þar sem sótt um að breyta innra fyrirkomulagi 2. hæðar í einbýlishúsi á lóð nr. 75 við Laugarnesveg.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Laugavegur 103 - USK24010308 Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulagi í veitingarhúsnæði á lóð nr. 103 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 14. mars 2017.
Gjald kr. 15.400.. USK24010308
Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Laugavegur 105 - USK24010085 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 1. hæð húss á lóð nr. 105 við Laugaveg.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Lynghagi 3 - USK24010331 Sótt er um leyfi til að lengja, breyta þakformi og hækka bílskúr, mhl. 02, og innrétta þar vinnustofu á lóð nr. 3 við Lynghaga.
Stækkun: 11,1 ferm., 40,4 rúmm.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2023.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.

29. Lágmúli 5 - USK23120104 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, 4. hæð í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 5 við Lágmúla.
Erindi fylgir lóðaruppdráttur dags. 9. nóvember 2020.
Gjald kr. 15.400.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Mosavegur 15 - USK23120175 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi til að koma fyrir sprinkler rými í byggingu á lóð nr. 15 við Mosaveg.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Nökkvavogur 42 - USK23100365 Sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera verönd með því að grafa frá að hluta suðausturhlið íbúðarhúss á lóð nr. 42 við Nökkvavog.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á afriti af aðalteikningu dags. 31. október 2020.
Gjald kr. 14.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Reynimelur 66 - USK24010330 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tvíbýlishús, tvær hæðir á kjallara með inndreginni þakhæð á lóð nr. 66 við Reynimel.
Erindi fylgir yfirlit um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 10. janúar 2024.
Stærð: 442,9 ferm., 1.583,8 rúmm.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

33. Rökkvatjörn 2 - USK24010084 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059800 þannig að gólfhalla er breytt og rampar að inngöngum falla burt, reyklosun er færð til og sprinklerrými er stækkað í bílageymslu, mhl.04, stærðir svala eru uppfærðar, utanhússklæðningu er breytt og í stað torfþaka verða þök klædd þakpappa, brunamerkingar og skráning er uppfærð fyrir þrjú á 4-hæða fjölbýlishús með kjallara, mhl. 01, 02 og 03, tengd saman á jarðhæð með einnar hæða lágbyggingum fyrir hjólageymslur og sameiginlegri bílgeymslu, mhl.04, á lóð nr. 2 við Rökkvatjörn.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 30. nóvember 2021 ásamt greinargerð.
Gjald kr. 15.400.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

34. Skólavörðustígur 24A - USK24010242 Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofan á húsi á lóð nr. 24A við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

35. Skólavörðustígur 8 - USK23120073 Sótt er um leyfi fyrir breytingu á innra skipulagi í rými 0206 og 0207 á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Smiðshöfði 1 - USK24010256 Sótt er um leyfi til að breyta geymslu í atvinnuhúsnæði á lóð nr.1 við Smiðshöfða.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Spóahólar 14 - USK24010004 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum þar sem austurhlið hefur verið einangruð og klædd og svalahandrið endurnýjuð á fjölbýlishúsi  á lóð nr. 14 við Spóahóla.
Erindi fylgir mæliblað dags. 9. mars 1977 og hæðarblað dags. 2.76 og yfirlit breytinga dags 14.10.1976
Gjald kr. 15.400.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

38. Sundlaugavegur 34 - USK24010278 Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulagi í atvinnuhúsnæði þar sem kaffihúsi verður breytt í eldhús með veitingasal og gistirými fjölgað úr 180 í 221 á lóð nr. 34 við Sundlaugarveg
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Sóltún 2 - USK24010237 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingar við C og D álmur, byggja hæð ofaná allt húsið, byggja yfirbyggð hjólastæði við aðalinngang ásamt því að breyta innra skipulagi í sömu álmum og fjölga með því hjúkrunarrýmum um 67, þannig að heildarfjöldi rýma verður 159 í hjúkrunarheimilinu Sóltúni á lóð nr. 2 við Sóltún.
Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 22. janúar 2024, minnisblað um flóttaleiðir frá Mannvit dags. 22. janúar 2024, hljóðvistargreinargerð frá Mannvit dags. 16. janúar 2024, umsögn Vinnueftirlitsins dags. 19. janúar 2024 og yfirlit breytinga. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir.
Stækkun:  xx ferm., xx rúmm.
Eftir stækkun, A+B rými:  10.909,7 ferm., 32.120,2 rúmm.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Súðarvogur 9A - USK24010258 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BNxxxxx v/lokaúttektar, aðallega er um að ræða breytingar á hurðum og gluggum, brunatexta og innra skipulagi í íbúð 0402 hefur verið breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Súðarvog.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Lagfæra skráningu.

41. Tjarnargata 12 - USK23090059 Sótt er um leyfi til að síkka glugga og gera hurð inn í rými sem verður innréttað sem búningsaðstaða stafsfólks ráðhússins, í húsi á lóð nr. 12 við Tjarnargötu.
Samsvarandi erindi, BN059591, samþykkt 13. júlí 2021 er fallið úr gildi.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 24. janúar 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 13. júli 2021.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

42. Tunguháls 8 - USK24010177 Sótt er um leyfi að fyrir viðbyggingu á atvinnuhúsnæði á lóð nr. 8 við Tunguhálsi. Stærðir:
Fyrir breytingu:
Ferm: 4.199 rúmm: 19.550
Eftir breytingu:

Ferm: 4.365,5 rúmm:20.255,5
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

43. Urðarbrunnur 9 - USK24010227 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN058576 þar sem breytt er innra skipulagi baðherbergis í nr. 11 og til að byggja palla og skjólveggi framan við raðhús á lóð á lóð nr. 9-11 við Urðarbrunn.
Erindi fylgir samþykki allra eigenda dags. 18. janúar 2024 og yfirlit breytinga
Gjald kr. 15.400.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

44. Varmadalur 5 - USK23100181 Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði úr límtréseiningum á lóð nr. 5 í Varmadal. Erindinu fylgir umslög skipulagsfulltrúa dags. 07. des. 2023 þar sem ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. vakin er athygli á að grenndarkynna þarf byggingaráformin.
Gjald kr.14.500.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar og/eða grenndarkynningar skipulagsfulltrúa.

**Fundi slitið kl. 13:15**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro
Sigurður Stefán Karlsson